

Trúnaðarmál




Greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar-september 2017

Lagt fram í borgarráði
30. nóvember 2017

1. Aðalsjóður	2
1.1 Íþrótt- og tómstundasvið	4
1.2 Menningar- og ferðamálasvið	6
1.3 Skóla- og frístundasvið	7
1.4 Umhverfis- og skipulagssvið	12
1.5 Velferðarsvið	14
1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir	17
1.6 Miðlæg stjórnsýsla	19
1.7 Sameiginlegur kostnaður	20
1.8 Framlög til B-hluta fyrirtækja	22
2. Eignasjóður	23
2.2 Skrifstofa eigna- og atvinnuþróunar (SEA)	24
2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)	25
4. Greining vöru- og þjónustuinnkaupa A-hluta	26
5. Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	28
6. Lykiltölur mannauðs	29
7. Innheimtuárangur	31
Viðauki 1: Rekstrarniðurstaða grunnskóla, leikskóla og frístundastofnana	32

1. Aðalsjóður



Aðalsjóður (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	82.426	79.114	3.312	4,2%
Laun og launat.gj.	40.274	40.877	-602	-1,5%
Hækkun lífeyrisskuldab.	9.118	4.413	4.705	106,6%
Annar rekstrark.	40.340	40.727	-388	-1,0%
Fjármagnsl.	2.775	3.108	-333	-10,7%
Rekstrarniðurstaða	-4.531	-3.795	-736	19,4%

sem var 200 mkr yfir áætlun í tekjum. Önnur frávik voru minni. Nánari umfjöllun um frávik tekna er að finna í umfjöllun um hvert svið hér á eftir.

Rekstrargjöld voru 85.852 mkr eða 165 mkr innan fjárheimilda. **Launakostnaður** var 40.274 mkr eða 602 mkr innan fjárheimilda. Stærstu frávik má finna í launakostnaði hjá Skóla- og frístundasviði sem var 836 mkr innan fjárheimilda og hjá Velferðarsviði sem var 486 mkr yfir fjárheimildum. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldabindingar** nam 9.118 mkr sem var 4.705 mkr yfir áætlun eða 107%.

Brú lífeyrissjóður: Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt og tekur þessi lagabreyting einnig til Brúar lífeyrissjóðs. Frá og með 1. júní 2017 er m.a. réttindaávinnslu A-deildar Brúar breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu, almennur lífeyristökualdur hækkaður úr 65 ára í 67 ára og mótfamlag launagreiðenda lækkað úr 12% í 11,5%. Áhrif lagabreytingarinnar eru m.a. að Reykjavíkurborg þarf að greiða inn til Brúar lífeyrissjóðs allar áfallnar lífeyrisskuldabindingar í A-deild sjóðsins vegna sjóðfélaga m.v. 31. maí 2017 og áætluð framlög í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð vegna sömu sjóðfélaga.

Í árshlutareikningi nú eru 15.587 mkr færðar til skuldar meðal skammtímaskulda, **3.880 mkr** gjaldfærðar og 11.120 mkr færðar til eignar meðal langtímakrafna sem fyrirframgreiddur lífeyrir. Framangreindar fjárhæðir eru **áætlaðar** en reiknað er með að uppgjör lífeyrissjóðsins pr. 31.5.2017 liggi fyrir í desember á þessu ári, þá fyrst liggur fyrir hvaða fjárhæð Reykjavíkurborg mun þurfa að greiða lífeyrissjóðnum vegna þessara breytinga.

LsRb lífeyrissjóður: Matið á lífeyrisskuldabindingu hjá LSBR var hækkað í hálfársuppgjöri um 1,1 mkr á ársgrundvelli þar sem launahækkanir voru umfram áætlun, verðbólga var minni en áætlun gerði ráð fyrir og ávöxtunarkrafa HFF34 á markaði var lægri en áætlað var, því voru gjaldfærðar **825 mkr** umfram áætlun í þessu uppgjöri.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 4.531 mkr en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði neikvæð um 3.795 mkr og var niðurstaðan því um 736 mkr verri en áætlað var.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Aðalsjóðs fyrstu níu mánuði ársins 2017 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrartekjur voru 82.426 mkr eða 3.312 mkr yfir áætlun.

Skatttekjur voru 65.092 mkr eða 2.071 mkr yfir áætlun. Þar af voru nettó útsvarstekjur um 51.352 mkr eða 2.010 mkr yfir áætlun eða um 4,1%. Hækkun útsvarstekna má aðallega rekja til þess að staðgreiðsla var 1.770 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

Fasteignaskattar voru 13.741 mkr eða 61 mkr yfir áætlun.

Framlög Jöfnunarsjóðs voru 5.282 mkr eða 350 mkr yfir áætlun, þar af voru 208 mkr framlag vegna bankaskatts sem ekki var áætlað fyrir.¹

Þjónustutekjur og aðrar tekjur voru 12.052 mkr og voru 892 mkr yfir áætlun. Mestu frávikin má finna hjá Skóla- og frístundasviði sem var 260 mkr yfir áætlun í tekjum, hjá Umhverfis- og skipulagssviði sem var 219 mkr yfir áætlun í tekjum og hjá Velferðarsviði



¹ Sjá umfjöllun framfarir í kafla um A-hluta í greinargerð Fjármálaskrifstofu með ársuppgjöri Reykjavíkurborgar.

Annar rekstrarkostnaður var 40.343 mkr eða 385 mkr innan fjárheimilda². Þar af var innri leiga var 10.660 mkr og var 139 mkr undir áætlun þar sem verðbólga á tímabilinu var lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 107 mkr.

Nettó fjármunatekjur voru 2.775 mkr eða 333 mkr undir áætlun. Þar af voru vaxtatekjur og verðbætur 306 mkr yfir áætlun, arður af eignahlutum var 92 mkr yfir áætlun en tekjur af ábyrgðagjaldi voru 90 mkr undir áætlun. Jafnframt voru gjaldfærð áætluð áfallin vaxtagjöld 30.09. vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð og nam gjaldfærslan 587 mkr.


Heildareignir voru 101.888 mkr, þar af fastafjármunir 64.293 mkr og veltufjármunir 37.594 mkr. Veltufjárhlutfall var 0,95

Skuldir og skuldbindingar voru 76.522 mkr og **eigið fé** 25.365 mkr.

Veltufé frá rekstri var jákvætt um 4.570 mkr. Handbært fé í lok tímabils nam 24.824 mkr.

² Sjá nánar umfjöllun á hverju sviði fyrir sig.

1.1 Íþróttta- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	1.365	1.220	145	11,9%
Laun og launat. gj.	1.612	1.631	-19	-1,2%
Annar rekstrark.	5.332	5.223	110	2,1%
Rekstrarniðurstaða	5.580	5.635	-54	-1,0%

tímabíla. Þjónusta við félög var 6 mkr yfir fjárheimildum. Hins vegar var annar rekstrarkostnaður skíðasvæðanna 26 mkr yfir fjárheimildum og annar rekstrarkostnaður sundlauganna var 12 mkr undir fjárheimildum. Innri leiga sviðsins var 11 mkr undir fjárheimildum.

Málaflokkar ÍTR (mkr)	Tekjur	Áætlun 2017	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2017	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2017	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2017	Frávik	%
Styrkir	22	28	-6	0	0	0	2.676	2.587	88	2.654	2.559	94	3,7%
Sundlaugar	737	658	79	735	728	7	951	963	-12	948	1.033	-84	-8,2%
Skíðasvæðin á höfuðborgarsvæðinu	321	295	26	145	137	7	225	199	26	48	41	7	18,0%
Frístundakort	0	0	0	0	0	0	592	588	4	592	588	4	0,7%
Fjölskyldu- og húsdýragarður	176	172	4	223	222	1	134	132	2	181	182	-1	-0,6%
Hitt húsið	40	27	14	249	259	-11	88	92	-4	297	325	-28	-8,7%
Ylströndin	15	9	6	24	24	0	39	35	5	48	50	-2	-3,4%
Siglunes	4	5	0	20	17	3	10	8	2	26	21	6	27,7%
Gervigrasvöllir	0	0	0	0	0	0	49	48	1	49	48	1	2,1%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	103	103	1	23	26	-3	126	129	-3	-2,1%
Atvinnumál	0	0	0	70	68	2	1	0	1	71	68	3	3,8%
Íþróttahús	44	26	18	10	17	-7	391	389	2	357	380	-23	-6,1%
Þjónusta við félög	0	0	0	0	0	0	54	48	6	54	48	6	11,6%
Langtímaveikindi	0	0	0	19	26	-7	0	0	0	19	26	-7	-26,0%
Annað	5	1	3	14	30	-16	100	108	-8	110	137	-28	-20,1%
Samtals	1.365	1.220	145	1.612	1.631	-19	5.332	5.223	109	5.580	5.635	-54	-1,0%

Húsaleigu- og æfingastyrkir: Rekstrarniðurstaða vegna húsaleigu- og æfingastyrkja var 1.782 mkr sem var 82 mkr eða 5% yfir fjárheimildum. Skýrist það að hluta vegna hliðrunar á greiðslum til íþróttafélaganna á milli tímabíla.

Sundlaugar: Rekstrarniðurstaða vegna sundlauga var um 948 mkr sem var 84 mkr eða 8,2% undir fjárheimildum. Tekjur sundlauga voru 79 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 12,1% yfir áætlun. Launakostnaður hjá sundlaugum var 7 mkr eða 0,9% yfir áætlun. Annar rekstrarkostnaður var 12 mkr eða 1,2% undir fjárheimildum.


Frístundakort: Kostnaður vegna frístundakortsins var 592 mkr sem var 4 mkr eða 0,73% yfir fjárheimildum. Þegar horft er á ráðstöfun frístundakortsins var hún 580 mkr sem var 1,8 mkr eða 0,32% undir fjárheimildum.

Hitt húsið var 28 mkr undir fjárheimildum. Skýrist það af því að tekjur voru 13,6 mkr yfir áætlun. Þá var launakostnaður 10,5 mkr yfir fjárheimildum. Annar rekstrarkostnaður var 3,9 mkr undir fjárheimildum.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstur sviðsins var í jafnvægi.

1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Rekstur MOF (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	418	382	37	9,6%
Laun og launat. gj.	992	986	6	0,6%
Annar rekstrark.	2.775	2.835	-60	-2,1%
Rekstrarniðurstaða	3.348	3.439	-91	-2,6%

einstaka viðburðir undir áætlun á árinu. Markaðs- og kynningarmál voru um 3,5 mkr undir áætlun tímabilsins en gert er ráð fyrir að það jafnist út á næsta ársfjórðungi. Annar kostnaður Upplýsingamiðstöðvar var lægri en áætlað var eða um rúmar 7 mkr og munar þar mest um áætluð lausafjárkaup og ýmsan rekstrarkostnað. **Listasafn** var yfir fjárheimildum um 26 mkr. Kostnaður vegna sýninga, markaðs- og kynningarmála var um 22 mkr umfram áætlun. Safnadeild á von á 2 mkr tryggingauppgjöri undir lok ársins. Brugðist hefur verið við yfirkeyslu með fækkun sýninga, dregið verður saman í öðrum rekstrarliðum en tekjuauki safnsins verður nýttur á móti kostnaði en jafnframt verður unnið að því að auka tekjur. Samkvæmt útkomuspá mun Listasafnið verða innan ramma í lok árs. **Borgarsögusafn** var um 31 mkr undir fjárheimildum tímabilsins í rekstrarkostnaði. Þar af var Sjóminjasafnið undir um 18 mkr sem skýrist að mestu vegna verkefna við nýju grunnsýninguna en seinkun hefur m.a. orðið á útboðum, en unnið er eftir því að áætlanir standist. Skrifstofa var 10 mkr undir en styrkir frá Safnasjóði voru um 7 mkr lægri en áætlað var sem þýðir að ákveðin verkefni undir minjavörslu og rannsóknna munu ekki koma til framkvæmda og önnur verkefni voru seinna á ferð en áætlað var. **Bókmenntaborg** var yfir fjárheimildum um 16 mkr þar sem stofnkostnaður vegna Gröndalshúss var hærri en áætlað var en yfirfærsla tekna frá fyrra ári nýtist að hluta á móti.

Styrkir, samningar og framlög voru um 14 mkr undir fjárheimildum, þar af voru framlög til Hörpu 20 mkr undir fjárheimildum sem skýrist af lægri vísitölu en áætlun gerði ráð fyrir, en Leikfélag Reykjavíkur var yfir um 7 mkr sem rekja má til hækkunar launavísitölu. **Annað** var undir rekstraráætlun um 31 mkr. Ýmis miðlæg verkefni verða seinna á ferð en áætlað var sem og lausafjárkaup en úthlutun til stofnana seinkaði, en reiknað er með að áætlun náist að mestu á árinu.

Málaflokkar MOF (mkr)	Tekjur	Áætlun 2017	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2017	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2017	Frávik	Rekstrarniðurstaða	Áætlun 2017	Frávik tímabils	%
Yfirstjórn	0	0	0	75	74	1	6	7	-1	81	81	0	0,3%
Höfuðborgarstofa	67	56	11	84	88	-4	94	114	-20	111	146	-35	-23,7%
Borgarbókasafn	35	38	-3	420	420	0	287	292	-6	672	674	-2	-0,3%
Listasafn Reykjavíkur	114	96	18	154	151	2	274	248	26	314	303	10	3,4%
Borgarsögusafn	180	184	-4	232	230	2	260	291	-31	313	337	-24	-7,3%
Bókmenntaborg UNESCO	21	7	15	15	15	0	37	21	16	30	29	1	3,3%
Styrkir og samstarfsamningar	0	0	0	0	0	0	1.081	1.075	6	1.081	1.075	6	0,6%
Framlög	0	0	0	0	0	0	710	730	-20	710	730	-20	-2,7%
Annað	1	1	1	12	7	5	26	57	-31	36	63	-27	-42,7%
Samtals	418	382	37	992	986	6	2.775	2.835	-60	3.348	3.439	-91	-2,6%

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Rekstrarafkoma sviðsins var 91 mkr eða 2,6% undir fjárheimildum.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Menningar- og ferðamálasviðs fyrir fyrstu níu mánuði ársins 2017 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.


Rekstrarniðurstaða sviðsins var 3.348 mkr sem var 91 mkr eða 2,6% undir fjárheimildum tímabilsins.

Tekjur fyrstu níu mánuði ársins voru 418 mkr sem var 37 mkr eða 9,6% yfir áætlun tímabilsins. Stærstu frávik voru: **Höfuðborgarstofa** var 11 mkr yfir áætlun en styrkir frá Ferðamálastofu voru 13 mkr hærri en áætlað var, en á móti kom m.a. lægri innkoma tekna Upplýsingamiðstöðvar. **Listasafnið** var 18 mkr yfir tekjuáætlun en 7 mkr framlag kom til listaverkakaupa sem var ekki á áætlun, aðgangseyrir og vörusala voru yfir áætlun um 8 mkr og styrkir um 6 mkr, en húsaleiga var undir um 3 mkr. **Bókmenntaborg** var 15 mkr umfram tekjuáætlun sem skýrist af yfirfærslu á 9 mkr styrks sem var fluttur á milli ára og 5 mkr styrks sem var greiddur í september en var á áætlun í október. Tekjur vegna alþjóðlegra samskipta voru yfir um 1 mkr.

Laun og launatengd gjöld voru 6 mkr yfir fjárheimildum en kostnaðarstaðir voru ýmist lítillega undir eða yfir.

Annar rekstrarkostnaður var 2.775 mkr og var 60 mkr eða 2,1% undir fjárheimildum tímabilsins. **Höfuðborgarstofa** var 20 mkr undir áætlun, þar af voru gjöld vegna viðburða undir um 10 mkr en hluti færir í október og einnig verða

1.3 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	3.051	2.791	260	9,3%
Laun og launat. gj.	23.004	23.840	-836	-3,5%
Annar rekstrark.	13.534	13.010	524	4,0%
Rekstrarniðurstaða	33.487	34.060	-572	-1,7%

Annar rekstrarkostnaður var 13.534 mkr sem var 524 mkr yfir fjárheimildum eða 4,0%. Þar af var annar kostnaður **grunnskólahluta** 171 mkr yfir fjárheimildum eða 2,2%. Hjá **leikskólahluta** var annar kostnaður 220 mkr yfir fjárheimildum eða 5,9%. Annar kostnaður **frístundahluta** var 20 mkr yfir fjárheimildum eða 3,9%. Annar kostnaður hjá **yfirstjórn/miðlægum liðum** var um 4 mkr yfir fjárheimildum eða 1,9%. Annar kostnaður **listaskóla og námsflokka** var 40 mkr undir fjárheimildum eða 3,6%.

Annar rekstrarkostnaður		Mkr
Innri leiga húsnæðis og búnaður		6.805
Framlög til sjálfstætt starfandi stofnana		3.522
Annar ýmis kostnaður :		
Hráefni í mótuneyti	1.002	
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	302	
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	356	
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	338	
Húsaleiga	148	
Rafmagn, hiti og vatn	269	
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðað	793	
Samtals annar ýmis kostnaður		3.208
Samtals annar rekstrarkostnaður		13.534

Myndin hér til til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Skóla- og frístundasviðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 í samanburði við fjárheimildir ársins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu m.v. áætlun. Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 33.487 mkr sem var 572 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða 1,7%.

Tekjur voru 3.051 mkr sem var 260 mkr yfir áætlun eða 9,3%. Þar af voru tekjur **grunnskólahluta** 145 mkr yfir áætlun eða 12,2%. Hjá **leikskólahluta** voru tekjur 31 mkr yfir áætlun eða 2,8%. Tekjur **frístundahluta** voru 80 mkr yfir áætlun eða 18,0%. Tekjur **listaskóla og námsflokka** voru um 7 mkr yfir áætlun eða 21,5% og tekjur **yfirstjórnar/miðlægra liða** var 3 mkr frá áætlun.

Laun og launatengd gjöld voru 23.004 mkr sem var um 836 mkr undir fjárheimildum eða 3,5%. Þar af voru laun **grunnskólahluta** um 271 mkr undir fjárheimildum eða 2,1%. Hjá **leikskólahluta** var launakostnaður 385 mkr undir fjárheimildum eða 5,1%. Launakostnaður **frístundahluta** var 134 mkr undir fjárheimildum eða 5,9%. Launakostnaður **yfirstjórnar/miðlægra liða** var um 78 mkr undir fjárheimildum eða 12,8%, ástæða þess er að áætlað hafði verið á miðlæga liði umbótaþætti, sem er launakostnaður, en þá á eftir að greiða út. Launakostnaður **listaskóla og námsflokka** var 7 mkr undir fjárheimildum eða 3,2%.

Grunnskólahluti

Grunnsk.hluti (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	1.326	1.181	145	12,2%
Laun og launat. gj.	12.887	13.158	-271	-2,1%
Annar rekstrark.	7.780	7.609	171	2,2%
Rekstrarniðurstaða	19.340	19.585	-244	-1,2%

og tekjur vegna uppgjörsvéitarfélaga vegna skólakostnaðar nemenda sem sækja skóla utan síns lögheimilissveitarfélags voru 31 mkr yfir áætlun. Tekjur vegna leigu af íþróttamannvirkum voru 0,5 mkr hærri á tímabilinu en leigutekjur voru 17,2 mkr umfram áætlun, stærsti hluti þess var vegna leigu á skólahúsnæði til gistingar í tengslum við heimsmót skáta s.l. sumar. Aðrar sértekjur voru 39,8 mkr yfir áætlun, stór hluti þess voru tekjur vegna hælisleitenda og kvótaflóttafólks. Fengnir styrkir og önnur framlög voru 125 mkr umfram áætlun, sem var að mestu vegna námsleyfa starfsmanna. Kostnaður á móti styrkjum bókast ýmist á laun eða annan rekstrarkostnað.

Rekstrarniðurstaða grunnskólahluta SFS var 19.340 mkr sem var 244 mkr undir fjárheimildum eða 1,2%.

Tekjur grunnskólahluta voru 1.326 mkr sem var 145 mkr eða 12,2% yfir áætlun. Helstu frávik voru að tekjur vegna sölu á máltíðum í grunnskólum voru um 75 mkr lægri en áætlað var

Launakostnaður grunnskólahluta var 12.887 mkr sem var 271 mkr eða 2,1% undir áætlun. Í launakostnaði var áætlað fyrir kostnaðarliðum sem skólastjórnendur hafa val um að ýmist ráða starfsfólk í eða kaupa frá þriðja aðila, til dæmis ræstingar og geta því verið tilfærslur á milli liða.

Annar rekstrarkostnaður var 7.780 mkr sem var um 171 mkr eða 2,2% yfir áætlun.

Grunnskóli	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	Frávik %	
Endurúthlutun og miðlægt	222	282	-60	-21,3%	Afgangur
Grunnskólar samreknir	2.332	2.354	-22	-0,9%	Afgangur
Grunnskólar	15.137	15.274	-138	-0,9%	Afgangur
Sérskólar	1.046	1.110	-65	-5,8%	Afgangur
Samtals borgarreknir:	18.736	19.020	-284	-1,5%	Afgangur
Sjálfst. starfandi	605	565	40	7,1%	Halli
Samtals borgar. og sjálfstr.	19.340	19.585	-244	-1,2%	Afgangur

Borgarreknir grunnskólar og tengdir liðir

Kostnaður vegna reksturs borgarrekinna grunnskóla og tengdra liða, að meðtöldum sér- og sameinuðum skólum, var 18.736 mkr. Fjárheimildir námu 19.020 mkr fyrir grunnskóla og tengda liði og var kostnaður því 284 mkr undir fjárheimildum eða 1,5%. Þar af voru úthlutunarpottar grunnskóla og aðrir sameiginlegir liðir samanlagt með 60 mkr afgang á fjárheimildum á tímabilinu.

Borgarreknir grunnskólar: Afgangur af rekstri borgarrekinna grunnskóla var 224 mkr, auk 60 mkr afgang af endurúthlutun og miðlægum pottum, samtals 284 mkr. Á tímabilinu voru 10 grunnskólar af 36 (með sér- og sameinuðum skólum) með hallarekstur en 26 með afgang. Samanlagður halli grunnskólanna 10 var 135 mkr, samtals nam afgangur þeirra 26 skóla sem voru með afgang 359 mkr. Fimm grunnskólar voru með 2% halla eða meira, samanlagður halli þeirra nam 104 mkr.

Borgarreknir grunnskólar með halla 2% eða yfir						
Annar kostnaður						
Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Seljaskóli	-1,6	-20,1	-4,3	-26,0	-4,1%	Halli 4% og yfir
Melaskóli	5,7	-20,4	-9,3	-24,0	-3,9%	Halli 2-3,99%
Ölduselsskóli	2,1	-13,9	-10,0	-21,9	-3,7%	Halli 2-3,99%
Breiðholtsskóli	6,2	-3,5	-20,3	-17,6	-3,3%	Halli 2-3,99%
Kelduskóli	-0,6	-7,0	-7,2	-14,8	-2,8%	Halli 2-3,99%
Samtals	11,6	-64,9	-51,1	-104,4		

Endurúthlutun og miðlægt, helstu þættir skiptast þannig:

Endurúthlutunarpottur, sérkennsla og nýbúakennsla var með halla sem nam 9,7 mkr.

Skólaakstur, sundakstur og akstur með fatlaða nemendur var 253,3 mkr sem var 20,6 mkr undir fjárheimildum.

Uppgjör milli sveitarfélaga á skólakostnaði þar voru greiðslur til SFS um 53 mkr umfram það sem var áætlað.

Sjálfstætt starfandi grunnskólar, kostnaður við sjálfstætt starfandi grunnskóla var 605 mkr sem var 40 mkr umfram áætlun eða 7,1% sem skýrist af auknum fjölda barna og að áætlun miðast við fast gjald en greiðslur til sjálfstætt starfandi skóla miðast við útreikning Hagstofu Íslands sem gerður er mánaðarlega.

Leikskólahluti

Leikskólahluti (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	1.162	1.131	31	2,8%
Laun og launat. gj.	7.228	7.613	-385	-5,1%
Annar rekstark.	3.923	3.703	220	5,9%
Rekstrarniðurstaða	9.989	10.185	-196	-1,9%

Rekstrarniðurstaða leikskólahluta SFS var 9.989 mkr sem var 196 mkr undir fjárheimildum ársins eða 1,9%.

Tekjur leikskólahluta voru 1.162 sem var 31 mkr umfram áætlun eða 2,8%.

Launakostnaður leikskólahluta var 7.228 mkr sem var 385 mkr undir fjárheimildum eða 5,1%.

Annar rekstrarkostnaður leikskólahluta var 220 mkr yfir fjárheimildum eða 5,9%.

Leikskólar	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	Frávik %	
Leikskólar	8.093	8.178	-85	-1,0%	Afgangur
Endurúthlutun og miðlægt	135	273	-138	-50,7%	Afgangur
Samtals borgarreknir	8.228	8.451	-223	-2,6%	Afgangur
Sjálfstætt starfandi	1.471	1.429	42	2,9%	Halli
Dagforeldrar	290	304	-15	-4,8%	Afgangur
Samtals sjálfst og dagf.	1.761	1.733	27	1,6%	Halli
Samtals	9.989	10.185	-196	-1,9%	Afgangur

Borgarreknir leikskólar og tengdir liðir:

Á borgarreknum leikskólum og tengdum liðum var afgangur að fjárhæð 223 mkr eða 2,6%. Heildarútgjöld námu 8.228 mkr en fjárheimildir voru 8.451 mkr.

Endurúthlutun og miðlægt var 138 mkr undir fjárheimildum. Endurúthlutunarpotturinn er ætlaður til að tryggja leikskólum fjármagn í

samræmi við fjölda og aldur barna á hverjum tíma, afgangur í þeim potti er 201,5 mkr sem kemur til vegna þess að hægar hefur gengið að taka inn yngri börn sökum manneklu. Undir þennan lið fellur einnig uppgjör á milli sveitarfélaga vegna leikskólagjalda þar eru gjöld umfram tekjur 47 mkr.

Sjálfstætt starfandi leikskólar: Útgjöld voru 1.471 mkr sem var um 42 mkr umfram fjárheimildir.

Dagforeldrar: Útgjöld voru 290 mkr sem var um 15 mkr undir fjárheimildum og stafar af því að færri börn voru í vistun en áætlað var.

Leikskólar með 2% eða meiri halla voru 11, halli þeirra var 73 mkr. Af 61 leikskólum voru 21 með hallarekstur, samtals að fjárhæð 89 mkr. Leikskólar með rekstrarafgang voru 40 að fjárhæð 174,1 mkr.³

Borgarreknir leikskólar með halla 2% og yfir						
Stofnun	Tekjur frávik	Laun frávik	Annar kostnaður frávik	Samtals frávik	Frávik %	Rekstrarniðurstaða
Álftaborg	-0,3	2,1	-9,6	-7,8	-5,8%	Halli 4% og yfir
Sunnuás	-0,5	2,2	-12,3	-10,5	-5,3%	Halli 4% og yfir
Hlíð	-0,3	-6,9	-1,8	-9,0	-5,1%	Halli 4% og yfir
Laugasól	1,1	-9,3	-2,2	-10,5	-4,6%	Halli 4% og yfir
Bjartahlíð	-0,7	-6,4	-1,1	-8,3	-4,5%	Halli 4% og yfir
Nóaborg	0,3	-0,7	-4,8	-5,1	-4,0%	Halli 4% og yfir
Langholt	0,3	-11,3	2,2	-8,8	-3,7%	Halli 2-3,99%
Árborg	-0,1	4,7	-7,7	-3,1	-3,5%	Halli 2-3,99%
Tjörn	0,1	-3,0	-0,6	-3,4	-2,5%	Halli 2-3,99%
Blásalir	0,4	-2,7	0,0	-2,3	-2,2%	Halli 2-3,99%
Hamrar	2,5	-5,9	-0,9	-4,3	-2,1%	Halli 2-3,99%
Samtals	3,0	-37,3	-38,6	-73,0		

Frístundahluti

Frístundahluti (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	524	444	80	18,0%
Laun og launat. gj.	2.141	2.275	-134	-5,9%
Annar rekstark.	546	526	20	3,9%
Rekstrarniðurstaða	2.163	2.357	-194	-8,2%

Rekstrarniðurstaða frístundahluta SFS var 2.163 mkr sem var 194 mkr undir fjárheimildum ársins eða 8,2%.

Tekjur voru 524 mkr sem var um 80 mkr yfir áætlun eða 18%.

Laun og launatengd gjöld voru 2.141 mkr sem var 134 mkr

eða 5,9% undir fjárheimildum þar sem ekki hefur tekist að fullmanna allar stöður og auk þess sem mikið aðhald hefur verið í mannhaldi. **Annar rekstrarkostnaður** var 546 mkr sem var um 20 mkr eða 3,9% yfir fjárheimildum.

Frístund	Raun	Áætlun	Frávik	Frávik %	
Endurúthlutun og miðlægt	62	104	-42	-40,5%	Afgangur
Frístundaklúbbar	136	196	-60	-30,7%	Afgangur
Frístundaheimili	1.216	1.311	-94	-7,2%	Afgangur
Frístundamiðstöðvar	749	747	2	0,3%	Halli
Samtals	2.163	2.357	-194	-8,2%	Afgangur

Endurúthlutun og miðlægir liðir útgjöld voru 62 mkr eða 42 mkr undir fjárheimildum eða 40,5%.

Frístundamiðstöðvar að meðtöldum frístundaheimilum og klúbbum voru rekin með 152 mkr afgangi og miðlægir liðir með 42 mkr afgangi.

³ Nánari sundurliðun á rekstrarniðurstöðu leikskóla er að finna í viðauka 1.

Yfirstjórn og miðlægir liðir

SFS Yfirstjórn (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	-3	0	-3	
Laun og launat. gj.	529	607	-78	-12,8%
Annar rekstark.	227	231	-4	-1,9%
Rekstrarniðurstaða	758	838	-80	-9,5%

Yfirstjórn SFS og miðlægir liðir útgjöld voru 758 mkr sem voru 80 mkr undir fjárheimildum eða 9,5%, sem skiptist þannig:

Skrifstofur SFS útgjöld voru 643 mkr sem var 34 mkr undir fjárheimildum eða 5%.

Skóla- og frístundaráð útgjöld voru 21 mkr sem var 2 mkr undir fjárheimildum eða 7 %.

Miðlægir liðir/styrkir SFS útgjöld voru 98 mkr sem var 41 mkr undir fjárheimildum eða 30%. Skýringin liggur í námsstyrkjum og styrkjum sem eftir er að greiða út, auk þess ekki er búið að útdeila umbótafé sem áætlað hafði verið að búið væri að úthluta og myndar það afgang.

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar

SFS Listaskólar (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	41	34	7	21,5%
Laun og launat. gj.	220	227	-7	-3,2%
Annar rekstark.	1.059	1.098	-40	-3,6%
Rekstrarniðurstaða	1.237	1.291	-54	-4,2%

Listaskólar, fullorðinsfræðsla og framhaldsskólar: Útgjöld voru samtals 1.237 mkr eða um 54 mkr undir fjárheimildum eða 4,2% á tímabilinu, sem skiptist þannig:

Tónlistarskólar: Útgjöld voru 908 mkr eða 11 mkr undir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og

miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 701 mkr og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 207 mkr.

Skólahljómsveitir: Útgjöld voru 197 mkr eða 2 mkr undir fjárheimildum.

Endurúthlutnarpottur var 37 mkr undir fjárheimildum.

Fullorðinsfræðsla, myndlistarskólinn og framhaldsskólar: Útgjöld voru 132 mkr, sem var 4 mkr undir fjárheimildum. Námsflokkar Reykjavíkur voru 5,5 mkr undir fjárheimildum en framlög til framhaldsskóla voru 0,5 mkr undir fjárheimildum og framlög til Myndlistarskólans í Reykjavík var 1,7 mkr yfir áætlun.

Langtímaforföll

Starfstöðvar fá úthlutað úr miðlægum pottum til að mæta kostnaði við langtímaveikindi, tæmist miðlægur pottur þá bera starfstöðvar það sem er umfram úthlutun. Hjá leikskólum tæmist pottur og bera starfsstaðir 10 mkr halla. Hjá grunnskólum tæmist pottur og bera starfsstaðir 10 mkr halla. Pottur frístundar var með 5 mkr afgang auk þess sem starfsstaðir gjaldfæra 6 mkr lægri fjárhæð en áætlað var. Gjaldfærð langtímaforföll hjá starfstöðvum voru á tímabilinu voru 464 mkr sem er 8 mkr hærri fjárhæð en heildaráætlun.

Langtímaforföll (mkr)	Starfsstaðir Gjaldfærð langtímaforföll	Starfsstaðir áætlun	Starfsstaðir frávik	Miðlægir pottar frávik	Samtals miðlægir pottar og starfsstaðir
Grunnskóli	230	220	-10		-10
Leikskóli	217	208	-10		-10
Frístund	16	23	6	5	12
Samtals	464	451	-13	5	-8

Stuðningur og sérkennsla

Borgarstofnanir fá úthlutað til stuðnings og sérkennslu að hluta til samkvæmt úthlutunarlíkani og að hluta úr miðlægum pottum. Sá hluti sem er úthlutað samkvæmt úthlutunarlíkani er nefnt almennur stuðningur en það sem kemur úr miðlægum pottum er nefnt sértækur stuðningur. Úthlutun úr miðlægum pottum fer í sértækan stuðning og miðast við það fjármagn sem er í þeim pottum. Gjaldfærður kostnaður hjá

Stuðningur og sérkennsla (mkr)	Gjaldfærður kostnaður	Áætlun	Starfsstaðir frávik	Miðlægir pottar frávik	Samtals miðlægir pottar og starfsstaðir
Grunnskóli	1.500	1.530	30	6	36
Leikskóli	519	532	13	-9	4
Frístund	279	406	127	66	193
Samtals	2.298	2.469	170	63	234


borgarstofnunum er heildarfjárhæð þess sem hefur verið merkt til þessara verkefna samkvæmt launabókhaldi. Heildarfjárhæð sem gjaldfærð var á tímabilinu nam 2.298 mkr. Hjá **grunnskóla** og **leikskólum** var gjaldfærsla umfram

fjárheimildir en hjá **frístund** undir fjárheimildum. **Miðlægir pottar** voru með afgang. Auk þess greiðir Reykjavíkurborg sérkennslu til einkarekinna stofnana og annarra sveitarfélaga vegna reykvískra barna.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar tímabilsins sem námu 61 mkr. Að þeim meðtöldum er sviðið 511 mkr innan fjárheimilda. Mikilvægt er að ljúka samþykktarferli reikninga á réttu tímabili.
- Vakin er athygli á því að þjónustan nær til mun færri barna í leikskólum og frístundahluta en gert var ráð fyrir í forsendum fjárhagsáætlunar. Samkvæmt leikreglum ber sviðinu að skila því fjármagni sem umfram er vegna þessa en fjármagni vegna leikskóla verður ekki skilað að fullu þar sem aðgerðir í starfsmannamálum leikskóla og aðgerðir í leikskólamálum verða fjármagnaðar með þeim afgangi hjá leikskólum.

1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósenthlutföll í töflu lýsa fráviki frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins var 4.303 mkr eða 608 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 12,4%.

Tekjur voru 2.770 mkr sem var 219 mkr yfir áætlun eða um 8,6%. Tekjur **byggingarfulltrúa** voru 46 mkr yfir áætlun og tekjur **skipulagsfulltrúa** voru 43 mkr yfir áætlun á tímabilinu. Þá voru tekjur **bílastæðasjóðs** voru 131 mkr yfir áætlun tímabilsins.

Laun og launatengd gjöld námu 1.648 mkr sem var 152 mkr undir fjárheimildum tímabilsins eða um 8,4%. Launakostnaður **bílastæðasjóðs** var 71 mkr undir fjárheimildum og launakostnaður **Vinnuskólans** var 49 mkr undir fjárheimildum á tímabilinu.

Annar rekstarkostnaður nam 5.425 mkr sem var 237

mkr undir fjárheimildum eða um 4,2%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 244 mkr yfir

Rekstur USKRK (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	2.770	2.551	219	8,6%
Laun og launat. gj.	1.648	1.800	-152	-8,4%
Annar rekstark.	5.425	5.662	-237	-4,2%
Rekstrarniðurstaða	4.303	4.911	-608	-12,4%

skipulagsfulltrúi var 57 mkr undir fjárheimildum, þar sem framvinda í hverfaskipulagi var hægari en áætlað var. **Byggingarfulltrúi** var 10 mkr undir fjárheimildum tímabilsins. **Samgöngudeild** var 13 mkr undir fjárheimildum og **skrifstofa sviðstjóra** var 10 mkr undir fjárheimildum á tímabilinu. **Sorphirðan** var 40 mkr undir fjárheimildum tímabilsins, einkum vegna uppgjors grenndar- og endurvinnslustöðva fyrir árið 2016.

Málaflokkar USK (mkr)	Tekjur	Áætlun 2017	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2017	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2017	Frávik	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2017	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlægbjónusta	201	199	2	316	318	-2	365	402	-36	480	521	-41	-7,9%
Skipulagsfulltrúi	63	21	43	115	120	-5	40	100	-60	92	200	-107	-53,7%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	885	759	126	200	265	-65	341	429	-88	-344	-65	-279	426,2%
Byggingarfulltrúi	185	140	46	162	164	-2	12	22	-10	-12	46	-58	-126,7%
Umvhverfisgæði	1.273	1.274	-2	628	687	-59	990	1.035	-44	346	447	-102	-22,7%
Heilbrigðiseftirlit	142	134	8	163	172	-9	28	28	1	49	66	-17	-25,8%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	0	0	0	0	0	0	639	758	-119	639	758	-119	-15,8%
Rekstur og umhirða borgarlands	20	25	-4	64	74	-10	3.008	2.889	119	3.052	2.938	114	3,9%
Samtals	2.770	2.551	219	1.648	1.800	-152	5.424	5.662	-238	4.302	4.911	-609	-12,4%

Rekstur og umhirða borgarlandsins var 114 mkr umfram fjárheimildir á tímabilinu einkum vegna **Rekstur gatna og opinna svæða** sem var 244 mkr yfir fjárheimildum sem skýrist mest að vetrarþjónustu sem var 189 mkr yfir fjárheimildum, hreinsun borgarlandsins var 33 mkr yfir fjárheimildum, viðburðir voru 10 mkr yfir fjárheimildum og ýmislegt var 30 mkr yfir fjárheimildum tímabilsins. Þá var leiga gatna 125 mkr undir fjárheimildum einkum vegna verðbótapáttar leigunnar.


Samgöngustjóri og borgarhönnun var 279 mkr undir fjárheimildum sem var einkum vegna bílastæðasjóðs sem skilaði 274 mkr meira en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur voru 131 mkr yfir áætlun, laun og launatengd gjöld voru 71 mkr lægri og annar rekstarkostnaður var 71 mkr lægri en fjárheimildir tímabilsins.

Framkvæmdir og viðhald mannvirkja var 119 mkr undir fjárheimildum tímabilsins vegna viðhalds gatna og opinna svæða sem skýrist mest af því að kostnaðarstaða var ekki í samræmi við áætlun. Reiknað er með að kostnaður verði á áætlun í lok ársins.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Talsverðar sveiflur voru í uppgjöri sviðsins á milli einstakra liða. Vetrarþjónustan var 189 mkr yfir fjárheimildum.
- Innrileiga gatna var 125 mkr innan fjárheimilda.
- Rekstur bílastæðasjóðs skilaði 274 mkr umfram áætlun.
- Framkvæmdir og viðhald mannvirkja var 119 mkr undir áætlun þar sem þær eru seinni á ferðinni en áætlun gerði ráð fyrir.

1.5 Velferðarsvið



Rekstur VEL (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	3.227	3.027	200	6,6%
Laun og launat. gj.	10.972	10.486	486	4,6%
Annar rekstrark.	6.415	6.203	212	3,4%
Rekstrarniðurstaða	14.160	13.663	497	3,6%

áætlun. Þá voru tekjur vegna hjúkrunarheimila 33 mkr yfir áætlun og tekjur vegna búsetuúrræða 97 mkr yfir áætlun að stórum hluta vegna styrks frá Jöfnunarsjóðs vegna langtímaleigusamninga á sambýlum.

Laun og launatengd gjöld voru 10.972 mkr sem var 486 mkr eða 4,6% umfram fjárheimildir. **Búsetuúrræði** voru 305 mkr umfram fjárheimildir, þar af húsnæðisaðstoð 60 mkr og húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk 211 mkr. Öryggisvistun var 74 mkr umfram fjárheimildir en ríkið greiðir reksturinn sem mun verða á pari í lok árs. Rangársel var 56 mkr umfram fjárheimildir. Greiddar yfirvinnustundir jukust um 16% í búsetuúrræðum samanborið við sama tímabil árið 2016, sem rekja má til manneklu og aukinna veikinda. **Heimahjúkrun** var 87 mkr umfram fjárheimildir eða 10%. Hækkun vegna starfsmats og afturvirkar greiðslna var 36 mkr, krafa hefur verið send á Sjúkratryggingar Íslands. **Hjúkrunarheimili** voru 69 mkr umfram fjárheimildir eða 10%. **Félagsmiðstöðvar** voru 26 mkr eða 9% innan fjárheimilda. Meðalveikindahlutfall Velferðarsviðs í heild fyrir tímabilið var 7,1% en var 6,2% á síðasta ári.

Annar rekstrarkostnaður var 6.415 mkr sem var 212 mkr umfram fjárheimildir eða 3,4%. Vistunarþjónusta vegna barna með þroska- og geðraskanir var 57 mkr umfram fjárheimildir, kostnaður vegna ferðapjónustu fatlaðs fólks var 78 mkr umfram fjárheimildir, vistunarþjónusta Barnaverndar var 122 mkr umfram fjárheimildir og aðkeypt sérfræðipjónusta Barnaverndar var 51 mkr umfram fjárheimildir. Á móti var annar kostnaður vegna eftirtalinna þjónustupátta innan fjárheimilda; **búsetuúrræði** 48 mkr, **heimahjúkrun** 24 mkr, **þjónustuíbúðir** 42 mkr og **stuðningsþjónusta** 10 mkr.

Málefni fatlaðs fólks

Málefni fatlaðs fólks (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	269	312	-43	-13,8%
Laun og launat. gj.	4.294	4.050	244	6,0%
Annar rekstrark.	2.245	2.247	-2	-0,1%
Rekstrarniðurstaða	6.270	5.985	284	4,7%

Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs í málefnum fatlaðs fólks var 6.270 mkr sem var 284 mkr umfram fjárheimildir eða 4,7%. Tekjur voru 43 mkr undir áætlun, þar af voru tekjur vegna barna með þroska- og geðraskanir 180 mkr undir áætlun, en tekjur frá öðrum sveitarfélögum vegna fyrra árs komu til mótvægis auk þess nam styrkur frá Jöfnunarsjóði vegna langtímaleigusamninga 18 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Launakostnaður var 4.294 mkr sem var 244 mkr umfram fjárheimildir eða 6%. Yfirfrávik í launakostnaði má m.a. rekja til öryggisvistunar 74 mkr sem fjármagnað er af ríkinu. Búsetuúrræðið Rangársel var 56 mkr umfram fjárheimildir þar sem úrræðið er ekki að fullu fjármagnað og annar rekstrarkostnaður var 2.245 mkr eða á pari við áætlun.

Útgjöld Velferðarsviðs að tekjum undanskildum í málefnum fatlaðs fólks voru 6.539 mkr og nam 38% af heildarútgjöldum sviðsins án bundinna liða.

Myndin hér til hliðar og taflan fyrir neðan sýna niðurstöðu í rekstri Velferðarsviðs á fyrstu níu mánuðum ársins 2017 án bundinna liða þ.e. fjárhagsaðstoðar og sérstaks húsnæðisstuðnings í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sviðsins í heild var 16.345 mkr sem var 15 mkr innan fjárheimilda eða nánast á pari.

Reglubundinn rekstur sviðsins án bundinna liða 14.160 mkr sem var 497 mkr eða 3,6% umfram fjárheimildir. Stærstu frávikin eru vegna vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 237 mkr umfram fjárheimildir en gert var ráð fyrir 180 mkr tekjum frá ríkinu sem ekki hefur gengið eftir. Ferðapjónustu fatlaðs fólks var 78 mkr umfram fjárheimildir og vistgreiðslur Barnaverndar var 122 mkr umfram fjárheimildir.

Tekjur voru 3.227 mkr sem var 200 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða 6,6%. Áætlaðar tekjur vegna barna með þroska- og geðraskanir að fjárhæð 180 mkr komu ekki, en til mótvægis voru tekjur frá ríkinu vegna hælisleitenda 113 mkr hærri en áætlað var og styrkur frá ríkinu vegna móttöku flóttamanna að fjárhæð 54 mkr sem ekki var gert ráð fyrir í áætlun. Þá voru tekjur vegna hjúkrunarheimila 33 mkr yfir áætlun og tekjur vegna búsetuúrræða 97 mkr yfir áætlun að stórum hluta vegna styrks frá Jöfnunarsjóðs vegna langtímaleigusamninga á sambýlum.

Þjónustubættir:

Þjónustubættir VEL (mkr)	Tekjur	Áætlun 2017	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2017	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2017	Frávik	Rekstrar- niðurstaða	Áætlun 2017	Frávik	%
Skrifstofur, nefndir og ráð	27	5	22	2.118	2.114	4	639	573	66	2.730	2.682	48	2%
Samningar, framlög og styrkir	127	275	-148	0	0	0	2.417	2.334	83	2.290	2.059	231	11%
Búsetuúrræði	148	51	97	3.894	3.589	305	414	462	-48	4.160	4.000	160	4%
Félagsmiðstöðvar	92	103	-10	265	291	-26	350	341	9	522	529	-7	-1%
Dagþjónusta	124	126	-2	303	293	11	114	117	-3	293	283	10	3%
Heimaþjónusta	105	105	0	1.148	1.151	-3	327	328	-1	1.371	1.374	-4	0%
Heimahjúkrun	1.047	1.016	32	924	837	87	154	178	-24	31	-1	32	-3251%
Hjúkrunarheimili	853	820	33	788	719	69	267	285	-18	201	184	18	10%
Þjónustuíbúðir	114	114	0	352	342	10	160	202	-42	398	430	-32	-7%
Skammtímavistun, stuðnings- fjölskyldur, stuðningsþjónusta og frekari líðveisla	21	16	5	855	830	25	430	440	-10	1.263	1.254	9	1%
Framleiðslueldhús	189	186	3	95	88	7	186	170	16	91	71	20	28%
Unglingasmiðja og Stuðningsheimili	2	2	0	32	34	-2	15	17	-1	46	49	-3	-6%
Virkniverkefni	0	0	0	72	92	-20	32	24	8	103	115	-12	-10%
NPA	0	0	0	0	0	0	207	217	-11	207	217	-11	-5%
Úrræði Barnavernd	3	0	3	15	13	2	372	250	122	384	263	122	46%
Hælisleitendur	313	200	113	48	34	14	198	167	31	-67	0	-68	-23889%
Önnur Verkefni	60	6	54	64	60	4	132	99	33	136	153	-17	-11%
Hagræðing	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	-
Samtals	3.227	3.027	200	10.972	10.486	486	6.415	6.203	212	14.160	13.663	497	4%

Helstu frávik

Skrifstofur, nefndir og ráð voru 48 mkr umfram fjárheimildir eða 2%. Barnavernd var 73 mkr umfram fjárheimildir og rekstur þjónustumiðstöðva var 10 mkr umfram fjárheimildir.

Samningar, framlög og styrkir voru 231 mkr umfram fjárheimildir eða 11%. Frávik má aðallega rekja til vistunarþjónustu vegna barna með þroska- og geðraskanir sem var 237 mkr umfram fjárheimildir, en 180 mkr áætlaðar tekjur frá ríki gengu ekki eftir. Ferðaþjónusta fatlaðs fólks var 78 mkr umfram fjárheimildir. Á móti voru tekjur frá öðrum sveitarfélögum 36 mkr umfram áætlun.

Búsetuúrræði voru 160 mkr umfram fjárheimildir eða 4%. Launakostnaður var 305 mkr umfram en annar kostnaður var innan fjárheimilda. Húsnæðisaðstoð var 30 mkr umfram fjárheimildir og húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk var 112 mkr umfram fjárheimildir.

Félagsmiðstöðvar voru 7 mkr innan fjárheimilda eða 1% vegna lægri launakostnaðar.

Heimahjúkrun var 32 mkr umfram fjárheimildir. Launakostnaður var 87 mkr umfram fjárheimildir, hækkun vegna starfsmats og afturvirkar greiðslu voru 36 mkr en krafa vegna þessa hefur verið send til ríkisins.

Hjúkrunarheimili voru 18 mkr umfram fjárheimildir sem skýrist af hærri launakostnaði en tekjur vegna daggjalda hafa ekki hækkað í takt við launahækkunar.

Framleiðslueldhús var 20 mkr eða 28% umfram fjárheimildir, þar af var 10,5 mkr vegna endurnýjunar búnaðar.

Barnavernd – úrræði voru 122 mkr eða 46% umfram fjárheimildir. Frávik skýrist af vistgjöldum en börn sem fara í vistun eru með fjölþættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum. Áætlun endurspeglar ekki raun útgjöld og hefur þessi liður verið umfram fjárheimildir.

Önnur verkefni voru 17 mkr innan fjárheimilda að stærstum hluta vegna tekna frá ríki vegna flóttamannaverkefna, sem ekki er áætlað fyrir.

Fjármálaskrifstofa vekur athygli á:

- Frávik launakostnaðar í búsetuúrræðum má að hluta rekja til aukinna yfirvinnustunda vegna manneklu sem jukust um 15% frá sama tímabili 2016 eða um 97 mkr.
- Í fjárhagsáætlun ársins var gert ráð fyrir 50 mkr hagræðingu sem ekki hefur náð fram að ganga það sem af er ári.

Ábendingar Fjármálaskrifstofu:

- Rekstrarniðurstaða Velferðarsviðs án bundinna liða var 497 mkr yfir fjárheimildum eða 3,6%. Mikilvægt er að sviðið geri ráðstafanir til að vera innan fjárheimilda í árslok.
- Frávik í rekstri Velferðarsviðs voru einkum vegna vistunarþjónustu barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir sem var 237 mkr yfir fjárheimildum. Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur frá ríki vegna þjónustu við börn með þroska- og geðraskanir nemi alls 180 mkr á tímabilinu. Samkvæmt niðurstöðu endurskoðunar á málaflokki fatlaðra áttu að fara fram

samningaviðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun á þessu lið. Velferðarsvið telur að þessi þjónusta sem er á ábyrgð ríkisins kosti 530 mkr árið 2017. Gera verður kröfu um að Velferðarráðuneytið greiði Reykjavíkurborg mismuninn á 530 mkr og þess framlags sem Jöfnunarsjóður veitti vegna þessara úrræða en fjárhæðir liggja ekki fyrir frá Jöfnunarsjóði um það.

- Talsverður halli er á rekstri heimahjúkrunar vegna þess að ríkið hefur ekki bætt kjarasamningsbundnar launahækkanir í samræmi við samning aðila. Reikningur hefur verið sendur á Sjúkratryggingar Íslands. Mikilvægt er að knýja á um efndir á þeim samningi.
- Mikilvægt er að klára samninga við ríkið um þau atriði sem tengdust málefnum fatlaðs fólks en voru skilin eftir við endurskoðun á fjármögnun málaflokksins á síðasta ári, það er NPA, lengd viðvera og þjónusta við börn með alvarlegar þroska og geðraskanir, en sá liður á verulegan þátt í hallarekstri sviðsins.
- Heildstæða greiningu á tekjum og útgjöldum Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks er að finna undir kafla 5 en þar kemur fram að halli borgarsjóðs skv. bráðabirgðauppgjöri var 1.650 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins 2017.
- Rekstrarútgjöld hjúkrunarheimila umfram framlög frá ríkinu námu 201 mkr á fyrstu níu mánuðum ársins 2017. Daggjöld ríkisins vegna hjúkrunarheimila miða við að ríkið hafi fjármagnað 85% fjárfestingaútgjalda en Reykjavíkurborg fjármagnaði sjálf Droplaugastaði og á því kröfu um leiðréttingu á daggjöldum. Mikilvægt er að tryggja fulla fjármögnun á rekstrinum.

1.5.1 Velferðarsvið – bundnir liðir

Bundnir liðir VEL (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Tekjur	0	0	0	0,0%
Laun og launat. gj.	0	0	0	0,0%
Annar rekstrark.	2.185	2.696	-512	-19,0%
Rekstrarniðurstaða	2.185	2.696	-512	-19,0%

Fjárhagsaðst. (mkr)	Raun 2017	Áætlun 2017	Frávik	%
Framfærslustyrkur	1.212	1.439	-227	-15,7%
Heimildargreiðslur fjárhagsaðstoðar	257	332	-74	-22,4%
Heimildargreiðslur - Átaksvæðing	55	64	-9	-14,3%
Heim.gr. 16.gr. Aaðstoð v/barna	21	35	-14	-40,0%
